ORKUSTOFNUN

# Syðri-Reykir. Rennslismæling á hveravatni

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð ÞHH-97-01

ORKUSTOFNUN
Greinargerðasafn

ORKUSTOFNUN
Rannsóknasvið

1997-09-30

Greinargerð
ÞHH-97-01
ÞHH/þhh

# Syðri - Reykir
## Rennslismæling á hveravatni

Að tilhlutan bænda að Syðri Reykjum í Biskupstungum var hverinn þar rennslismældur þann 25. september 1997. Hann er yfirbyggður og rennur frá honum í steyptar þrær, sem síðan er dælt úr til hinna ýmsu notenda. Meiningin var að fá fram heildarrennsli vatns frá hvernum, en það hefur verið talið vera um 40 l/s. Ekki er vitað hvenær eða hvernig sú mæling var gerð, en það var fyrir árið 1944.

Sett var renna með yfirfalli í afrennslisskurð frá hvernum. Síðan var slökkt á flestum dælum og rennsli á yfirfallinu mælt. Jafnframt var mælt rennsli með fötu og skeiðklukku þar sem því var við komið.

Niðurstöður voru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| **Heildarrennsli *)** | **28,7 l/s** |
| þar af til Ólafs | 4,3 l/s |
| til Grétars (alls) | 5,9 l/s |
| til Magnúsar (aðalæð) | 2,1 l/s |
| Brún, Róbert | 0,35 l/s |
| Þrír bústaðir | 0,18 l/s |
| Bústaðir v. Arnarhól | ómælt enn*) |
| Ónotað rennsli | 15,9 l/s |

Þetta eru endurreiknaðar tölur og örlítið hærri en upp voru gefnar í síma þann 26. september. Mæling á heildarrennslinu er talin vera nokkuð ábyggileg en skipting á einstaka notendur síðri, nema þar sem mælt var í fötu og með skeiðklukku.

*) Rennsli að sumarbústöðunum undir Arnarhól var ekki mælt að sinni. Þangað er stöðugt dælt og rennsli sagt vera sveiflulaust. Auðvelt á að vera að mæla þetta og bætist það þá við heildarrennslið.

Kær kveðja,

Þórólfur H. Hafstað.

MÁ EKKI FJARLÆGJA